

HEIMI

V. útgangur

WINNIPEG, 1909.

9. blað.



RÍR EKKLAR bjuggu við Úlfdalasæ,
við einstæðingsskapinn og tómlegan bæ,—
því Ölrún og Svanhvít og Alvitur, bornar
á andlétturnum svanavæng, þeim voru horfnar,
—sem sæblámi vorlags og sólskin á tindi—
með sjö ára kærleik og heimilis-yndi.

En Egill og Slagfinnur skriðu á skeið
á skíðunum niðri, um bygðir og heið.
Þeir eltust við svífandi sönginn og fleygann,
þeir seildust af jörðu að taka 'ann og eiga 'ann.

En sifelt slapp veidin úr vænglausum höndum
í vonbráða-hvörf út í framtíðar-löndum.

En bauga sló Völundur — byr undir væng,—
í baðstofu-kulda og ekkjumanns säng.
Því þráin hans skildi það: Alvitri eiga,
að engum var dælt nema Völundi fleyga.—

Og hvað mega fætur í veðrum á vorin
með vængjunum fylgjast—þó greið séu sporin?

En þungt var til aðrátta, áreynslan hörð
við einyrkings-skapinn og fátæka jörð:
Að mölva og bræða sér góðmálm úr grjótum,
að gull-kornum leita í sandbleytu-fljótum,
á daginn við ólokin erindi stríða,
en andvöku-nóttunum verja til smiða.

Og alt sýndist hálfverk þeim hótfyndna smið—
þó hringarnir fjölguðu bætti hann við.
Hann átti á seilinni sjö-hundruð bauga,—
við síðasta hringinn skein gleðin úr auga,
því armæðu-dagarnir hjá voru hlaupnir:
Hann hafði á endanum lokið við Draupni.

Á armlegg manns dreginn sem hóf mann sem hug,
um himin og undir-djúp tók mann á flug,
sem eiganda bar hverja nífundu nóttu
þá niðja, sem dýrir og jafn-göfgir þóttu—
því svo var hann gerður af gæfu-smið högum
úr gulli því eina, sem frjótt er í sögum.

Og þegar á bandið sitt Draupni hann dró
að dagsverki loknu, þá kvað 'ann og hló:
„Nú lauk eg við grip þann, sem hafði í huga,
þann hring, sem að dugar til auðs og til fluga!

Og þar fann eg samleið, um sólheiðið, fær
með svanavæng þínum, þú Alvitur kæra!“

„Og mér er nú sama uni meiðsli og rán.
Þó meinviljinn ræni mig, á eg mitt lán.
Því aldrei kann Draupnis hann Nifluður njóta!
Og nú má hann fjötra og leggina brjóta,

því hann situr eftir við upphafning mína
með erfiðið mitt og með skömmina sína.“

„Í sjö-hundruð baugana lagði eg list,
en lífinu kom í þann síðasta fyrist.—
Því leikfang er Hnituður, glæsing og gaman,
úr glundroðans litbrigðum slétt kræktur saman.

En hver, sem á Draupni, fær háfleygi af honum
og hugsanir vaxnar og nýjar í vonum.“

„Eg sló í hann alt sem eg hugsaði hátt,
úr hjartanu bæring og æðanna slátt.—
Og fyrir það ljómar af listinni hlýrra,
og lýsigull hans er því kostugra og skírra.

Og þau eru ei hálfverð 'ans hundruð á þræði,
því hann varð að skáldskap, en þau urðu kvæði.“

Stephan G. Stephansson.



“FORN HLUTTEKNING”.

Eftir

A. Kampmeier.



TÍMARITINU „Christian Register“, sem gefið er út í Boston, 11. Marz s. l., er merkileg grein með þessari fyrirsögn, eftir þýzkan guðfræðing, A. Kampmeier. Greinarhöfundurinn minnist á, hve það er komið upp í fastann vana, svo einn hefir það eftir öðrum, að eigna kristninni alla mannúð og þjálpsemi í heiminum, og þakka henni alla

pá hluttekningu, er menn sýna hver í annaís kjörum. Enn fremur að ófragja og gjöra lítið úr öllum mannúðargjörðum í fornnum síð, og helzt taka fyrir með öllu að nokkur vottur slikra verka sjáist þar, eins og það sé á móti mannlegu edli að menn finni til hver með öðrum, heldur sé það lærdómur, er menn öðlist með síðaskiftum. Hann segir:

„Chicago blaðið „Inter-Ocean“, er af og til hreytir því að Unitórum og öðrum frjálslyndum kennimönnum, að þeir raði of mikindi sðfraði og mannfélagsfræði á stólnum, í stað þess að „prédika hið forna guðspjall“, og nú fyrir stuttu flutti með ánægju langa grein eftir einhvern afturhalds klerk, um að Darwins kenningin væri ósannindi frá upphafi til enda, gjörði samanburð nýlega, í tilefni af jarðskjálstunum á Sikiley, á kristnum stjórnendum þessara tíma og gjörðum þeirra, er þannig löguð stórslys bera að höndum, og heiðinna stjórnenda í fornöld. Eins og við mátti búast, var fornöldin sýnd í óvirðulegu ljósi. Til dæmis var tekið, hvað Plinius eldri, sem umboðsmáður opinber í fornöld, hefði gjört þegar Vesuvíusar eldgosið mikla eyddi borgunum Herkulaneum og Pompej. Var svo fráskýrt að hann hefði látið leiðast af eintómi forvitni og fræðilöngun og aðeins í hjáverkum veitt liðsinni eða tekið upp af veginn sínum einn og einn er undan komust.

Eg sendi blaðinu fáeinu leiðréttigar við þessar missagnir ásamt fáeinum dæmum er sýndu fram á að fornþjóðirnar hefði ekki verið eins tilfinningalausar eins og með þessu var gefið í skyn, þegar um alment tjón var að ræða. Eg beiddist birtingar á línum þessum, en var synjað. En með því að það er hugboð mitt, að enn sé sú skoðun almenn, að fyrst þá, eftir að kristnin hófst, hafi mannúð og hlutteknингarsemi og mannkærleiki, einkum þegar um stórslys var að ræða, gjört varit við sig í heiminum, en hinn forni ókristni heimur alls ekki þekkt neitt slíkt, þá vil eg því enn leita birtingar á þessum athugasemendum mínum.

Plinius yngri segir í bréfi til Tacitusar (VI, 16) að þegar eldgosið byrjaði, hafi frændi hans kallað út frá Miseni höfn,

þar sem Rómverski Þotimur lá, eitt gangmesta skipið, til þess
að flyttast á nær stöðvarni eldgossins. Meðan því fór fram, fékk
hann orðsending frá Rómverskri komi, er heima ótti í þorpi við
ströndina fyrir neðan sjallit Vesuvius og hadd hann hjálpar. Breytti hann þá að hūn sinni og í þess stærð lagði út eitt stærsta
skipið, *(Quadriramus)*, til þess þá að geta veitt fleirum hjálp
en heimi einum því ströndin þar í kring var alskipud fólk, er
flúið hafði eldganginn, batir hann við. Þetta var fyrsta fregnin
er Plinius fékk um, að hætta væri á ferðum. Í ferð þessari
lét hann líf sitt, eins og alkennuagt er, vegna forvitni símar og
fróðleikslöngunar, að hann fór of nálegt eldganginum. "Hann
flýtti sér þangað, þáðan sem aðrir flýðu frá." Eftir því sem
frænda hans segist frá, verður Plinius ekki sakadur um að hafa
ekki gjört mikil til þess að bjarga mörnum, en adeins týnt upp
einn eða tvö er undan komust. Því hann vissulega gjörði allt
sem hann gat. Því frændi hans hefir, í jafnastuttu bréfi og þessu,
er hann reit adeins fyrir bón Tacitusar, til að greina frá danda
Pliniusar eldra, að líkendum adeins lauslega drepið á alla þá
hjálp, er Plinius veitti þeim er hjálpatvana voru.

Viðvíkjandi fleiri gjörðum stjórnanna í fornöld og embættismanna þeitra, er almenn vandræði bar að höndum, mætti
geta þessa: Tacitus segir oss (Ann. II., 4) þegar á ríkisárum
Tiberiusar keisara, að tólf borgir eyddust í Lithu Ásíu af jard-
skjálftum, hafi þá keisarinn, er kristin saga að réttu eða röngu
hefir þakið svívirðingum, sent þangað stóra fjárrupphæð og und-
anþegið jardskjálfta borgirnar öllum sköttum í fimm ár. Þess
utan var sendur sérstakur erindstreki frá Öldungaráðinu, þeim
til aðstodar og líknar.

I Smith's Class. Dict. stendur þetta: "Titus reyndi af al-
efti að bæta skemdir þær, sem hlutust af Vesuviusar eldgosinu
mikla. Hann setti til þess tvö Consula, fékk þeim peninga,
að endurreisa bæi, er fallið höfðu, og notaði til þess líka fó-
þeirra manna, er farist höfðu en eftirlétu enga ættingja. Við
ársbyrjun 80, geysaði eldur um Rómaborg, er ekki varð slökkt-
ur í þrjá daga og þrjár nætur, og eyddi hann Capitólinu, Ágúst-
usar-bókasafninu, Pompeiusar leikhúsinu, fjölda opinberra

stofnana auk ótal fleiri húsa. Lýsti þá Tílus keisari því strax yfir, að hann tilreiknaði sér allann skaðann, lét strax byrja á smíðum og hraða verkinu. Hann soldi ótal dýrgripi úr keisara-höllunum, til þess að hafa saman fé til smíðinnar.

Vesúvíusar eldgosinu fylgdi voðaleg drepsótt, er hófst um þetta leyti, er krafðist nýrra fjárfamlaga af þessum örláta keisara.“

Dæmi þessi eru sannarlega ekki sá eini mannkærleika vottur í heiðnum síð í fornöld þegar vandræði báru að höndum. En það er komið til síðs, jafnvel í betri ritum mannkynssögunnar, að segja, að kristnin eingöngu—trú kærleikans—hafi með tilkomu sinni flutt ást og kærleika inn í heiminn. Þó vita það allir, er numið hafa sögu, að löngu fyrir kristnina urðu heiðnu Stókarnir fyrstir til þess, að kenna mönnum alsherjar bróðurskýldleikann, að allir séu börn hins sama föðurs: „Enginn er munur grískra og útlendra“, sögðu þeir, „heimurinn er vor heimaborg“. Allar þær æðstu dygðir kristuinnar, fyrirgefning misgjörða, mannast o. fl. kendu einnig hinir heiðnu heimspekingar löngu fyrir kristninnar daga.

Sá fyrsti maður, er fyrirdæmir þrælahald, var Stóiski heimspekingurinn Epiktetus. Það að hann sjálfur hafði verið þræll, getur hafa verið nokkur orsök í því. En þótt hinir aðrir Stókarnir fordæmi ekki þrælahald, þá krefjast þeir þó þess, að mannúðlega sé með þrælana farið. „Þeir eru menn eins og vér, draga andann eins, lífa og deyja eins og sjálfir vér“, segir Seneka. Vér höfum þess dæmi líka, að þessi kenning var ekki eingöngu flutt, heldur og líka eftir henni breytt. Eftir að Epiktetus náði frelsi, kendi hann heimspeki, lifði mjög óbrotnu lífi og hélt engann þjón né þræl á heimilisínu þar til á gamals aldri, að hann vistaði til sín hjúkrunarkonu handa barni, er hann ól upp, er borið hafði verið út og hann bjargaði. Plinius yngri gaf margar stórar fjárupphæðir til styrktar fátækum börnum, hann lét reisa á sinn kostnað bókasafn og baðhús handa almenningi í fæðingarborg sinni o. fl. Oftsinnis gaf hann þrælum sínum frelsi, er þeir voru hættulega veikir, svo þeir gæti dáíð sém frjálsir menn og arfleitt hvern sem þeir kusu

áð því litla sem þeir áttu. Eftir hann er bréfið góðkunna þar sem hann biður vanþakklátum en iðrandi frelsingja líknar. Í öllum greinum þolir það vel samanburð við bréf Páls til Philemons, þar sem hann leitar sáttu fyrir þrælinn Onesimus.

Það er sorglegt til þess að vita að jafn hjartahreinn maður eins og Plinius var, skyldi vera knúður, sér mjög þvert um geð, til þess að ofsækja kristindóminn vegna fávísis og ofstækis beggja málsaðila, þar sem siðferðis skoðanir hans virðast þó hafa verið þær sömu og kristninnar.

Það er vafalaust að kristindómurinn hefir átt stóran þátt í því að draga mannkynið saman í eina fjölskyldu og efslu hluttekningu og hjálpssemi manna á meðal, en þættirnir hafa verið fleiri, er styrkt hafa og stuðlað að viðgangi þeirra tilfinninga og gjört þær sýnilega virkilegar. Sé hugmyndin um „alsherjar bróðurskyldleikann“ sýnilegri nú á tímum og í framkvæmdum áþreifanlegri heldur en var til forna, þegar einhver alsherjar óhamingja ber að höndum, eins og Messina jarðskjálftinn, þá gleymum ekki því, að það er vel til því að þakka, að þekkingin er meiri nú á döguin heldur en þá og möguleikarnir betri til að koma þeirri hugmynd í framkvæmd, heldur en hinu að vér höfum ástæðu til að áfella fornöldina fyrir algjört mannúðarleysi.

Þess utan væri það ekki lítil vanvirða „trúarbrögðum kærleikans“, sem sagt er að fært hafi mannkærleikann inn í heiminn, gæti þau ekki eftir jafnlangann tíma méir en komist til jafns við fornöldina í þessum efnum. Og þó skyldi kristindómurinn ekki gjörast sjálfhælinn um of. Það er margur maður, er sér alteins dökka díla á kristinni síðmenningu eins og nokkrusinni sáust til forna. En sé sú skoðun um of svartsýn, þá munu jafnvél samt þeir allra bjartsýnustu nú á vorum dögum segja oss, að vér skulum ekki gjörast of farlseiskir og þakka guði fyrir að vér séum miklu betri en þessi heiðna síðmenning fornaldarinnar, né hugsa að vér séum í öllu orðnir alfullkomnir, því það eigi enn þá nokkuð langt í land.“



EINAR JÓNASSON, Læknir.

Eftir því sem framtíða stundir Mjóða byggðir íslensfingar hér að breytast. Spá því sunnið að þær muni jafnvel kíða undir lok og manni þess skamt að bða, aðenska verði þar alment tölud, er aður var íslenzka. Þótt ekki séum vér þar á sama máli, en trúum því fastlega að íslenzka eigi hér langan aldur enn, þá dylst enginn að margt íslenzkt gleymist, er einkendi hina fyrri tíma. Má sunnt af því gjarnna fara. Aftur var annað er gjörði ekki litla tilbreytingu á hina annars tilbreytingarlausa og etvidissama lífi nýlendustóinenda og jók á fjör og glaðværð. Mumur vér eftir morgna þessháttar frá fyrri ársan Dakóta-byggðar. Og var það alt einkennilega íslenzkt. Enda var ekki öðru þá til að dreifa en því sem með kom með að heimán með sér. Þessið stundumur fyrðanlega úr því, ekki síst skap-einkennunum, þegar þá saman sló mónum um óklum landsfjórðungum. Oft var tiltefni lítið, oft ekki annað en vekja klátur í orðasennu eda reyna með sér í svörum.



EINAR JÓNASSON.

Þó alment værimenn yfirhætislausir, var þó langt frá því að hverjum þætti allir sínir jafningjar. Vora ýmsir er gjarna vildu gjörast sveitarhöfdingjar og tóku sér tign sína mjög nærrí. Gjörðu aðrir aftur lítið úr og hentu að því meinlaust gaman. Helstu metin, er þá var um að keppa, var friðþómarastaða, er ekki þótti virðingalaus. Svo var það að verða safnaðarfulltrúi, eftir að söfnudir mynduðust, komast á kyrkjufing eða ná sæti í skólaráði. Aftur

er lítið úr og hentu að því meinlaust gaman. Helstu metin, er þá var um að keppa, var friðþómarastaða, er ekki þótti virðingalaus. Svo var það að verða safnaðarfulltrúi, eftir að söfnudir mynduðust, komast á kyrkjufing eða ná sæti í skólaráði. Aftur

þeir sem ekki voru mjög kyrkjuelskir höfðu oft gaman af kappinu milli öldunganna og komu þá vísur á gang, er ýmsum voru eignaðar. Var það einatt út af kosningastappi eða kyrkjufraði.

Nú er þessu öllu breytt. Bygðin farin að eldast, orðin reynd og ráðsett og mókir nú undir purpuramöttli forn-háþýskrar lúthersku. Löngu settir höfðingjar, er búa nú búum sínum með konum sínum og líta ekki við öðrum. Börn fæðast með tönn í gómi, og reisulegir grásteinar merkja leiði flestra gömlu landnemanna.

Einn þeirra fyrstu landnema þar, og maður er tók drjúgan þátt í félagsmálum frumbýlingsáranna og átti góðan þátt í ýmsum andlegum hreyfingum í bygðinni, er Einar Jónsson læknir. Hann fluttist þangað í bygð norðan frá Nýja Íslandi sumarið 1881. Hann settist að í Víkurbygð skamt frá Mountain. Hann er maður gæddur fjölhæfum gáfum og hið mesta lipurmenni. Snemna hallaðist hann að hinum frjálslyndari trúarskoðunum. Þegar á fyrstu árum Nýja Íslands, er þrátan var mest milli séra Jóns Bjarnasonar og séra Páls Þorlákssonar gafst honum kostur, eins og hann hefir síðar sagt, á að heyra lútherska orþodoxíu frá tveimur hliðum, en gatz jafnlítið að báðum. Í Dakota stóð hann því utan allra kyrkjumála, en strax er „Menningarfélagið“ myndaðist gjörðist hann félagi þess og hélt við það trygð meðan hann var í bygðinni.

Einar er hinn liprasti hagyrdingur, eins og hann á kyn til, og var það á þessum fyrri tínum er kveðist var á í bygðunum þar í nýlendunni að frá honum kom mörg staka, er ýmsum þótti grárra gjalda verð. Meðan Stephan G. Stephansson bjó hjá Garðar var Garðarbygðin ekki berskjölduð fyrir, en minna varð um varnir frá hinum. Þótt margar þessar stökur séu ekki „bókmentalegir gimsteinar“, var þó í þeim fólgin meinleg fyrndni og hnittyrði, er ekki gat annað en komið mönnum til að hugsa um, að hverju var verið að spaugast. Vakti það ekki síður en mörg orðasennan. Og má telja það tvímælalaust að þær hafi átt sinn góða þátt í að örfa menn til frjálsra hugsana í trúarefnum.

Einar hefir stundað lækningar frá því hann fyrst kom til þessa lands, hefir hann lesið sér mikið til, enda er hann talinn einhver bezt sjálfmentaði læknirinn, er vér eigum hér vestra. Nú um nokkur ár hefir hann verið heilbrigðisumsjónarmaður Gimlisveitar í Nýja Íslandi. Af sjálfmentuðum mönnum munu fáir taka honum fram að víðtækri þekkingu. Hann hefir lesið urmul af bókum og ritum, þó nú í seinni tíð hann hafi mest lagt sig eftir stjórnmálafræðum og trúmálum. Telur hann sig í hópi jafnaðarmanna í landsmálum, en Unítara í trúarskoðunum.

Einar er fæddur að Harrastöðum í Miðdolum í Dalasýslu á þrettánda dag jóla 1848. Faðir hans var Jónas Jóhannesson frá Saurum í Laxárdal í Dalasýslu, Jónssonar Bjarnasonar, en módir Jónasar var Sigríður Þorsteinsdóttir Þorsteinssonar skálda frá Hrútafirði í Húnnavatnssýslu. Orti Þorsteinn fjölda af bæjavísum um Laxárdal, Haukadal o. fl. staði. Eftir hann eru rímur um „Helenu Einhentu“, gátan alkunna: „Fór eg eitt sinn á fiski viða“. Var hann grúskari mikill og hafði gaman af að tala í ráðgátum. Hann var smiður góður, og vinur og félagsmaður Gunnlaugs, föður Björns stjörnuspekkings, meðan Gunnlaugur og hann bjuggu báðir í Hrútafirði.

Módir Einars var Guðný Einarsdóttir frá Harrastöðum, og var sí Einar Einarsson ættaður norðan úr Skagafirði. Honum er svo lýst, að hann hafi verið listfengur maður, gleðimaður og mannblendinn, fjölhæfur smiður, mesti fimleika- og glímu- maður, góður læknir og skýr hagyrdingur, en nokkuð glettinn og napur í kvæðum. Hann var eigandi Harrastaða og lézt árið 1865.

Árið 1873 misti Einar föður sinn og flutti vorið eftir alfarinn hingað vestur. Skildist hann við Íslendinga, er vestur fóru í sama sinn, í Kinmount og settist að nálægt Lindsay í Ontario. Sumarið eftir að Íslendingar ákváðu að færa sig vestur til Manitoba, var hann kosinn ásamt Sigtryggi Jónassyni til að útsjá hentugt nýlendusvæði og völdu þeir þá, eins og kunnugt er, vesturströnd Winnipeg-vatns og nefndu Nýja Ísland. Var Einar þar vestra nokkurn tíma, hvarf svo austur aftur, en fluttist

þó það sama ár til Nýja Íslands og bygði að Hvítanesi um 5 mílur norður af Gimli.

Þenna stað völdu þeir fyrir bygðarstæði, eftir því sem Einar sjálfuni segist frá, vegna þess að þá var engisprettu ár mikil hér um slóðir og hafði pest sú eyðilagt þá litlu jarðrækt er byrjuð var á sléttunum hér fyrir vestan, þóttu því sléttunar óhugsandi staður, enda þá erviðar yfirferðar. Aftur voru Rauðárbakkarnir allir numdir þá fyrir löngu.

Eitthvað mun Einar hafa fengist við sveitarstjórn fyrstu árin í Nýja Íslandi, en þetta sinn dvaldi hann þó ekki lengi í bygðinni. Fluttist hann árið 1881 til Dakota, eirs og áður er sagt, og þaðan aftur 1888 til Alberta, til bygðarinnar við Medicine River. Eftir 4. ára veru þar fór hann til Vernon í Okanagan-dal f. B. Columbia. Eitt ár bjó hann í sjálfuni bænum, voru þar þá nokkrir Íslendingar, er nú eru farnir. Sumarið 1899 flutti hann til baka aftur að Gimli og hefir dvalið þar síðan. Enda er hann nú hniginn að aldri, heilsan farin að bila og að líkendum lengstu ferðalögum um garð.

Einar er tvíkvæntur, hét fyrri kona hans Sigurbjörg Bjarnadóttir, húnvetnsk að ætt, systir Samsonar Bjarnasonar bónda í Dak. Voru þau gefin saman haustið 1876 af sera Páli Þorláks-syni. Dó hún skömmu eftir að þau fluttust til Dakota. Síðari kona hans heitir Jónína Sigfúsdóttir Ólafssonar og voru þau gefin saman af Guðm. Björnssyni (Anderson) friðdómara árið 1884. Var það fyrsta borgaraleg hjónavígsla meðal Íslendinga í Dakota, „og mæltist misjafnlega fyrir.“ Hafa þau eignast níu börn.

Af kviðingum Einars verða aðeins fáir prentaðir enn, því margir eru þeir. Á lífi er þykja sér nærrí höggið í vísum hans. Setjum vér hér þó tvær vísur frá sumrinu 1902. Eru þær dá-litið sýnishorn af orðfimni hans og glettni:

“Fólkið hefir fengið prest.
Færir hann sér vel í nyt,
það sem kyrkjan metur mest:
mikla trú og lítið vit.

Honum gefast víðtæk völd,
vill það sérhver trúuð önd.
Semur hann um syndagjöld,
safnaðanna fyrir hönd.



Smámunasemi.

Í Marzbl. þ. á. Breiðabl. er skrá yfir íslenzka nemendur við Wesley College 1908—'9. Helzt sýnist að hún sé samin af ritstjóranum—kennaranum í íslenzku við skólann—því enginn höf. er tilnefndur. Þó má það undarlegt virðast, því svo mætti ætla að skrá þessi væri annaðhvort samin af manni, er ekkert þekkti til skólans, eða þá af hlutdrægni meiri en í meðalhófi. Bæði eru þar nemendur flokkaðir rangt niður og sumum alveg slept, er þó ekki hafa staðið sig ver við lærðóm en þeir sem nefndir eru.

Er þá fyrst að geta þess, að í lægri bekk (part I) undirbúningsdeildar hefir ritstjórinn sett *Sigrúnu S. Helgason*, sem nú er í efri bekk (part II.), og í efri bekk þeirrar deildar setur hann *Ólafiu Johnson*, sem nú er í fyrra ári College-deildar. Enn fremur sleppir hann alveg úr skránni *Matthildi J. Kristjánson*, sem nú er í efri bekk undirbúningsdeildar. Hún innritaðist við skólann haustið 1907 og er þetta því annar veituhennar við skólann, eins og líka staður hennar á skólanum gefur til kynna. Að þetta sé yfirsjón getur vel verið, en kemur þó undarlega fyrir, þegar aftur þeir eru taldir, er byrjuðu fyrist nú í haust og sóttu skólann aðeins nokkrar vikur og hættu svo. Eru þrír nemendur taldir, er allir hættu fyrir nýjár. Ennfremur er einn talinn, er situr í lægsta bekk eftir nær 3. ára skólagöngu.

Nú vill svo til, að bæði ungfrú Helgason og ungfrú M. Kristjánson, sú sem neðar er færð í skólanum og þeirri sem vikið er burtu alveg, eftir skrá „kennarans“ að dæma, eru báðar Unitarar, og engin þeirra þriggja áðurnefndra lesa íslenzku við skólann. Skyldi það hafa ruglað skránni? Ekki þarf það að vera, en um það veit „kennarinn“ hvortveggja. Þess erum vér fullvissir. Og það hefir stundum áður viljað til, að svipaðar ástæður hafa valdið ruglingi á ýmsum skýrslum, svo sem eins og landnámsskýrslum, dánarskýrslum o. fl. Þarf ekki annað en minna á Almanakið frá fyrrri árum, sem gefið er út hér í bænum. Fram til þess síðasta hafa það ekki verið talin „mannahát“,

þó dáið hafi Unitarar eða ýmsir utankyrkjumenn, er getið hefir þó verið í vikublöðunum. Og nú síðan farið var að geta þeirra í Almanakinu er það með fádæmum og alveg óheyrðum afbrigðum gjört. Svo að ekki fær þetta fólk að andast á sínu dánardægri, heldur verður það að lífa eins lengi og skrásetjara þóknast, sumir í fullar sex vikur eftir að þeir eru dauðir. Svipað er með upptalningu landnema. Í Dakota-þættinum eru tilnefndir landnemar ofan að 1890, en fjölda manna slept er komu árin '82—6, er ekki voru í kyrkju eða söfnuði. Svo eru menn sagðir komnir héðan og handan rétt út í bláinn, t. d., Guttormur heitinn Sigurðsson frá Galtastöðum í Hróarstungu er sagður af Langanesi—gott að hafa hann sem lengst í burtu!—En nákvæmt er það ekki og undarlegur hroðaskapur gagnvart minningu þessa fólks og mætti maður eins vel hugsa er þetta kemur fyrir ár eftir ár, að það sé ekki allt eintóm hending, heldur sé það einhverskonar „konungs-illa“, er höfundurinn setur á þessu menn svo þeir skuli dylja sig í felum og hverfa úr sögu, eitt „þér ber að minka en mér ber að vaxa“, augnaráð.

Vel má leiða þetta hjá sér í nokkur skifti. En þegar það er endurtekið ár eftir ár, gjört að helð og sjálfsögðum vana, er það ekki rétt að þegja við því í það endalausa. Síðla smámunasemi og launklípni er leitt að þurfa að opinbera og er hún alls ekki til hróss félagslífi voru hér, og er það að líkindum það sem menn hafa fundið. að ekki hefir við þessu verið hreyft nú fyrir löngu.

Árið 1902 útskrifaðist Þorvaldur heit. Þorvaldsson frá háskólanum með þeirri beztu einkunn, er Ísl. hefir hlutið hér við skólann. Það ár í „Helztu viðburðaskrá“ Almanaksins er hans hvergi getið. Er það þó talið með helztu viðburðum, bæði fyrr og síðar, útskrifanir Ísl. hér við skólana. Þeir voru samtíða við skólann þann vetur „kennarinn“ og Þorvaldur og gat því tæplega hér verið um gleymsku að ræða. En Þorvaldur var Unitari. Árið 1905 útskrifaðist Þorbergur bróðir hans á sama hátt. Í skýrslunni fyrir það ár á hans að vera getið. Það var búið að benda á þessa hlutdrægnisóhæfu þá, og átti nú að varast vítin. En hann er þar nefndur Þorvaldur Þorvaldsson! Já, þó nafnið

væri skakt, hvernig á að vita hvað þessir ógreinlegu piltar heita er taka bezta vitnisburð við skólana, þó maður sé búinn að umgangast þá innan sömu húsveggja í 4 ár.

„Hvað segið þér um Krist?“ Nú er hann einn orðinn mælikvarðinn á lífi og bugsunum „kennarans“ eftir því sem Breiðabl. segir oss. Leggur hann þá vanþykkju á þessar þrjár stúlkur, er um getur hér að framan? Er það af því þær eru ekki „Kristi kærar“ eins og állameyjarnar forne, að ekki er í étt til þeirra sagt?

Það má kanske virðast, að hér sé um smámuni eina að ræða, þótt ekki sé getið um einn nemanda, þegar skrá yfir lærisveina skólans er prentuð, og tveir færðir ofan flægri bekki. En er maður athugar það, að flestir þessir nemendur leita sér atvinnu yfir sumartímann við barnaskólokenslu og með umsókn þeirra er ávalt athugað hve langt þeir eru komnir til náms, þá getur þetta haft þýðingu og ekkert litla. Sá, er skamt er á veg kominn, stendur verr að vígi í þeirri atvinnuleit. En þó því sé slept, þá er þó öllu verri andi sá sem lýsir sér í þessari smámunasemi, er felur sig í hjúpi annríkis og yfirhafningar. Hann er sá er alvarlega ætti að fara að taka ofan í við og sjá hvert ekki væri hægt að kasta út. Sá andi stingur orðið út hala eða höfði í hverri setningu, er þeir „hólfélagsmenn“ hér og heima rita, útundan, framhjá og á hlið við Krists nafnið, er þeir hafa sér til sóknar og varnar fyrir öllu sínu athæfi.

Það þótti ofkveðið erindi skáldsins:

„Smýgur andstygð innan frá, út með hverjum saumi“.

Er það ofkveðið?

Nýi forsetinn.

Fær hann er til aðgerðanna
eins og vinnukonur manna,
sem bæta fyrst með flísk og bandi
fatið, sé það óbætandi.

Stephan G. Stephansson.

Bæjargöngin.

Sníð kvæði eftir Edgar Allan Poe.

Eg var einn á gangi um göngin,
göngin bæjar dimm og löng,—
yfir mér og undir söng þar
einhver daubans Líkaböng.—
Bar mig inn að eldhúsdýrum,
af niér líf og krafta dró,—
þrapaði Viti í einu ópi!— — —
Eldabuskan pottinn skóf.—
Svitaholur allar á mér
urðu að hlust, sem grenjúð smaug.—
Eg varð allur alsjáandi,
augasteinn í hverti taug.— — —
Eg hef aldrei! — Aldrei! Aldrei! —
orðið fyrir slíkum draug!
Síðan þó eg sofi í næði
sífelt hrædir þetta umr.
Það er eins og í mér suði
altaf þetta humrum-kumr.

Stephan G. Stephansson.



Félagsmálın.

Årsfundur Unitáriska safnaðarins var haldinn eins og lög
kvæða síðasta sunnud. í Jan. og 1. sdaginn í Febr. síðastl.

Á fundinum voru lagðar fram skýrslur embættismanna og
sýndu þær að hagur safnaðarins stendur allvel. Tekjur höfðu
heldur aukist við það sem verið hefir síðastl. ár og skuldir þorr-
ið. Alls höfðu tekjur safnaðarins numið \$2036,39 á árinu. Út-
borgað upp að 1. Febr. \$1998,39. Í skatt og borgun á veðlani

og áföllnum skuldum var borgað \$1237. Fyrir söngstjórn, að gjörðir á kyrkjunni, hirðing hússins, hitun og lýsing, rúmir \$761. —Áhvílandi sköldir voru engar nema það sem eftir stendur af veðláninu \$3000. Eignir safnaðarins voru metnar um \$25000. Á árinu höfðu innskrifast 10 nýjir meðlimir, 4 flutt burtu og 1 dáð. Hefir því tala félagsmanna heldur vaxið, þó lítið sé og ekki eins mjög og á undansförnum árum. Aftur nú síðan á ársfundni hafa 5 nýir félagsmenn bæzt við og eru meiri líkur til að allmargir fleiri bætist við áður en dregur að næstu áramótum.

Á fyrri fundinum voru þessir embættismenn kosnir fyrir þetta í hönd farandi ár: Forseti Joseph B. Skaptason, varaforseti S. B. Brynjólfsson, fjármálaritari Stefán Pétursson, félhirðir, Hannes Pétursson, ritari, Friðrik Sveinsson, Gunnar J. Guðjón Þorláksson og Hallur Magnússon; organisti, A. J. Johnson, og í útbreiðslu- og heimsóknarnefnd A. J. Johnson, Hallur Magnússon og Gísli Magnússon. Að vísa til sætis við messur og gæta dyra við samkomur, Hannes Pétursson, Eggert Árnason. Yfirskoðunarnefnd Joseph B. Skaptason og Þorsteinn S. Borgfjörð. Á síðari fundinum var haldið hið árlega safnaðarsamsæti og rædd útbreiðslumál safnaðarins.

Pann 7. Apríl var haldinn fjölmennur fundur á „Angelus Café“, af þeim sem þátt hafa tekið í að koma á fót enskum únitariskum félagsskap hér í bæ. Síðan í Nót. í haust hefir verið hér prestur austan frá Hopedale í Mass. séra E. Pratt, er haldið hefir uppi messugjörðum meðal enskra, og hefir aðsókn að þeim stöðugt farið vaxandi á vetrinum. Á fundinum voru rúmt 60 manns saman komið, þar á meðal varakonsúl Bandalíkjanna hér í bæ. Var afráðið að stofna söfnuð, er nefndi sig „All Souls Unitarian Church“. Bréf var lesið upp á fundinum frá Mr. Hinton í Montreal, er hingað er að flytja til bæjarins og tekur við aðalráðsmensku Grand Trunk brautarinnar, tjaði hann sig meðmæltan að hér yrði stofnuð únitarisk kyrkja og hét því fyrirtæki sinni liðveizlu. Forseti þessa nýja safnaðar var kosinn A. W. Puttee, fyrverandi sambandsþingmaður þessa bæjar, ritari Mr. Blake lögmaður og sunnudagsskólastjóri Carl Loupe varakonsúll.—Ísl. Únit. óska söfn. þessum til hamingju.

LAUN GUÐHRÆÐSLUNNAR.

Saga eftir

SOPHUS SCHANDORPH.

I.



ÚSBÓNDINN var vanur að fara árla á fætur. Svo gjörði hann og

bennan sunnudagsmorgun

Húsbóndinn var heljar-búforkur. Ekki var leyfilegt að kveikja eld á arni alla hina köldu og myrkum vetrarmorgna. Íverustofan í húsinu við Kristjánshöfn á Brúarstræti fast við gẽmlu Lurkabrúna, sem nú er fyrir löngu afmáð, var köld og hráslagaleg, skreytt oliumáludum, bláum veggtjöldum, kringsettum perlumálaðri, hornsakkri og snúnni umgjörð. Vindurinn ýldi í reykháfnum. Snjókrapið slettist á gluggarúðurnar, svo undir tók. —

Húsbóndinn var rétttrúaður maður. Aldrei vanrækti hann að ganga í kirkju á hverjum sunnudegi, hvorki til hámessu né aftansöngs. Heilinn í honum var að visu ekki nægilega glaðvakandi til þess, að hann gæti fylgst með efni ræðunnar. Hann ýmist svaf eða tárfeldi undir henni og sálmasöngnum. Samt fanst honum þegar úti var, að messan hafa orðið sér til upphbyggingar. Kirkjugangar var orðin honum "Opus Oper-

atum", eins og komist er að orði í guðfræðinni.

Ekki mega menn samt ímynda sér, að húsbóndinn færí óundirbúinn til hámessunnar kl. tiu. Nei. Snemmidis fór hann á fætur sýknt og heilagt. Og á helgidögunum las hann strax í býtið alla sálmania og guðspjallid, sem tilheyrði hverjum drottins degi, nöldrandi og raulandi. Skildi hann þá? Var hugurinn fastur við hin andríku, hrærandi orð guðspjallins eða hendingaföll sálmannanna, er ýmist voru bliðróma og þrungin trúarlegri andagift, eða bá hversdagsleg saman hnoðun rímsmíð? Spryjið húsbóndann um þá! Hann myndi ef til vill langsízt allra geta svarað því. Eitt er víst, að þá fór honum eins og við guðspjónustuna: ýmist grét hann, ýmist tautaði hann eða sönglaði, eða hann smá-hjó mágfinn sofandi ofan í bókina.

Parna sat hann nú í gamla legubekknum með hördu dýnunni og harða mahoganí-bakinu og hliðbríkunum, sem í sameiningu afstýrðu öllum þægindum og hvíld, og voru eins og virkisveggir á all-

ar hlíðar, sem neyddu menn til að sitja uppréttu, án þess að halla sér út af.

Jæja, þarna sat húsbóndinn, hann gamli Pétur Jakob Pétursson, með sálmabókina fyrir framan sig, sveiptur gömlum kvenmöttli — keyptum, guð má vita fyrir hve löngu, hjá ruslasala nokkrum — og með flókaskó á fótum og lanib-skinnsfeld til að standa á. A gómlu furutrésborði á klunnalegnum fæti stóð versti lampinn, sem til var á heimilinu, og logaði. Á hornskáp yfir í einu stófuhornini stóðu svo sem til skrauts tveir háir og rennilegir nýmóðins lampar með hvelfdum ljósahjálnum. — Þessi minni félagi heirra rauk andstyggilega, ef til vill til þess, á hennan ruddalega hátt, að draga dár að hinum iðjulausu stórbokkunum, sem gnæfdu hátt upp yfir hann og gláptu upp í loftið. Svælu-lampinn var að skapi húsbóndans. Báða stóru lampana hafði hann fangið í silfurbrúðkaupsgjöf, en aldrei leyfði hann, að kveikt væri á heim. Heir stóðu eins og ósnertar, teprulegar yngismeyjar, og litu með fyrirlitningu út yfir stofuna.

Hvað var nú húsbóndinn að lesa í sálmabókinni sinni? Þarna sat hann með gleraugun á nefinu og tautaði eins og drengur, sem á að læra að "lesa skýrt".

Hann var að lesa guðspjallið, sem hann bjóst við að heyra lagt út af kl. 10, Matt. 8. kap. 1.-14. v. Já, hann var að lesa, en hugsunar-laust, eins og það hefði verið aug-

lýsingal laðið. Hann geispæði — ekki hátt — en dró úr geispanum með hendinni og tautaði áfram fyrir munni sér.

— En er Jesús gekk inn til Capernaum kom til hans hundraðshöfðingi nokkur, bað hann og sagði: Herra, þjónn minn liggur heima límafallssjúkur og kvelst þunglega. Svo kom hin fagra saga um lækninguna á syni hundræðshöfðingjans og niðurlag hemmar með hinum ábrifamikla, altækaspáldómi. Það er áreiðanlegt, að húsbóndinn, hann gamli Pétur, kunni ekki að meta hina fögru og stuttordu frásögnum guðspjallsins og kjarnmiklu greinaskil. En hann dró þá ályktun út úr því, sem honum fíll sjálfum bezt. Hann tautaði þegar hann var búinn að lesa:

— Guði sé lof, þá held eg að konan míni nái sér. Ó, að heíta lskykli einmitt iverða ræðu efnið í dag. Ó, já. — Það er að nokkru leytí eins og eg hefði umnið í blutaveltu — Æi, já, því ekki það, já því það er bandvitlaust, hvað lyfsalareikningurinn hefir hækkað í þessum veikindum æ — já — sparað er þó á vissan veg grætt. Sjáum nú til! Æjá — Guð minn góður. —

Snjókrapa hríðarfeldurinn í loftinu meinaði dagsbirtunni á allarhlíðar að komast leiðar sinnar. Þen því varð samt ekki varnað, að hún kæmist áleiðis á endanum. Kuldalega boðaði hún hina hægfara og marghindruðu komu sína á þann hátt, að stinga sér inn um glugg-

ana, sem engar hengiskýlur voru fyrir, því Pétur gamli vildi ekki eyði, svona að gagaslausu breði krefti og snæri — það, sem óeytt var — var gróði. Ekki var hann fljótari að taka eftir bardaganum milli dags og nætur, er hann hæglega vissi hvernig myndi lykta, en hann slökti ljósíð — það var búið að loga meira en heila klukkustund.

Birtan var samt of dauf til þess, að hann, þrátt fyrir gleraugun, sæi til að lesa smáa sálmbókarletrið.

— Og þetta á að heita dagsbirta, úrræði hann í áttina til gluggannar. Slik eg þvílik óvera. Það er hvorki ljós né myrkur.

Hann vissi ekki, hvað hann átti að taka sér fyrir hendur, leitaðist fyrst við að finna upp á einhverju til þess að eyða tímanum við þangað til orðið væri vel bjart, en þessari leit lauk með því, að ekki varð annað til úrræða en að vefja um sig upp fyrir höfuð þessun full fertuga kvenmöttli, lambskinnsfeldinum um fæturna og reyna að sofna í harða legubekknum; á meðan yrði þó að líkendum bjart, og svo kæmi döttir hans að líkendum með kaffi — æ, dálitið af heitu kaffi þennan kalda morgun kæmi sér líka vel.

Í gegn um rifur á hurðinni seildist til hans ljósglæta innan úr svefnherberginu.

Hann reis upp á olnboga og ætlaði að fara að grenja: Slökkvið þið ljósíð þarna inni í svefnher-

berginu! En þá mintist hann þess, að konan hans var veik, ætlaði að vera mannúðlegur og leggja ljós-matar útgjöldin saman við lyfsalareikninginn, spenti greipar og bað guð að gefa sinni ástkværu húsfreyju heilsu og hreysti aftur svo fljótt sem mögulegt væri.

Svei, svei! — Læknirinn hafði vandað sagt, að þetta væri hrettulegt — það var þessi lungnabólga í annað sinn! Svei þessum læknum! Þeir segja svo niargt að eins til þess, að geta sent nógum háa reikninga..... Það var óhyggi-legt að hann hafði ekki haldið fastan húslækni fjögur síðustu árin, því það gat þó sjálfsgagt ekki orðið jafn mikil upphæð, og þessi læknir heimtaði nú, og svo er það þó drottinn, sem ókeypis gjörir að saman, svo öllum þeim peningum, sem læknirinn fær, er í rauninni lögut í forarræsin.

Það var samt sem áður gremju-legt, að þær létu ljósíð stöðugt lifa barna inni! Skyldi konan hans verða betri eða verri, hvort heldur hún lá í björtu eða dimmu herbergi? — Jæja..... látum nú svo vera, þangað til henni skánar dálitið.... Þá skulu þó ljósin verða slökkt, — það skal eg sjá um.

Til þess að gjöra sér ekki alt of órótt í skapi út af ljósrákunum úr rifunum á hurðinni, tók Pétur gamli það ráð, að fastvefja kvenmöttlinum utan um höfuðið á sér. Þó blundaði hann að eins til hálfss, og þá létt hann æfiatriði sín líða fyrir í huga sínum eins og þoku-

myndir. Það var vani hans, því usar, sem stendur í fyrstu grein í þá naut hann sjálfs sín. Ó, hversu fínta kapítulanum í Balles ker-sparsanum og guðhræddur maður dómskverinu, sem þó var enn hann hafði verið! Og voru ekki merkilegra fyrir það, að Pétur guðssötti og sparsemi þær stærstu Jakob Pétursson hafði aldrei skilið ílygðir, sem nokkur maður gat hláft orð af efninu. komist yfir í þessum heimi?

Vér skulum nú skýra þokum ynd-
irnar dálitið

11

Steinlímða skólastofan í gamla
munaðarleysingja hælinu. Ýmist
lásu allir upphátt, svo líkt var að
heyra og suðanda í þúsundum
engispretta. Ýmist próf í ýmsu,
sem gamli Pétur var reyndar bú-
inn að gleyma mestöllu, en han i
mintist þess þó með sigurgleði, að
Pétur Jakob Pétursson var dugleg-
asti drengurinn i kveri og bibliú-
sögum, reikningstöflum og höfuð-
reglunum, einkum að hann einu
sinni — hann var þá lítill hnokki —
svaraði spurningu kennarans: hve
mikið er 335 og 621, fljótt og
skörulega: 9 ríkisdalir, 5 miörk og
2 skildingar. — Þá getur þú strax
farið að reikna með ákveðnum töl-
um, hafði kennarinn sagt, og Pét-
ur hafði fundið eins mikið til sín
og sigurvegarinn við Austerlitz.
Og fermingin batti enn þá einu
laufi í lárvíðarsveig Péturs Jak-
obs Péturssonar. Hann jós svo
ritningargreinunum yfir prestinn,
sem var að spryrja, að hann fór frá
honum, til þess að tefjast ekki of-
lengi við hvern fyrir sig, meðan
Pétur var í miðju kafi að Jylja
hinn langa kafla úr bréfissu til Tit-

Pétur Jakob Pétursson horfði út í ljósið úr dimmu ávaxtabúðinni við Austurbrúarstræti, út yfir vatnið og hinar þroskalegu skógrarreinar með fram Ástastígnum og Merkjáhryggnum. Já, á þessum árum gátu menn gjört sig ánægða með að liggja úti a landi á Ástastígnum og Merkjahryggnum. Ó, hvað hún var aðlaðandi fyrir sextán ára drenginn viðnukonan hjá etazráðinu, með hvítu línsvuntuna eins og bryniu framan á hinum hvelfda barmi, og kniplingahúfuna ofan á dökkjarpa, ótemjanlegu, þyrnum-líka hárinnu hennar! Hjart-að í honum sló harðara, þegar hann sá hvítu svuntuna með brjóstspeldinu bera fyrir í milli trjánná í garðinum, og síðan heyrði glymjá í Grafningsbrúnni undan leðurskósólunum hennar, eins og riddari hefði hleypt merhryssi sínu út á einhverja vindubrú stórborganna. Hvernig var hægt að komast hjá því að gefa henni býsna riflega tilgejöf í rúsínum og möndlum — já, stundum tvær fískjur að auk — þegar hún kom til kaupa í búðini, meðan húsbondi hans svaf miðdagsblundinn. Ó, hversu hjartað hoppaði í kryddmangaradrengnum eftir því sem hún varð hlýlegri

Hversu mjög þráði hann þann dag, að verða fullnuma. Þá átti hann að fá kaup, og þá ætlaði hann strax fyrsta sunnudaginn, sem hann fengi frían, að bjóða honum út í skóg og söa heilum ríkisdal handa þeim báðum í "Hallarlundi". Einn vagnstjórinn hafði lofað honum ökeypis flutningi þann dag. —

Já, Pétur Pétursson varð fulinuma, en áður var Petra búin að giftast vagnstjóranum yfir á gótuhorninu og eignast með honum tvíbura. P. J. Pétursson hafði daginn sem hann frétti þetta um vefurinn, starað út á Mortjörnina og dottið snöggyvast til hugar að drekkja sér, en ísinn var þykkur, og vatnið hlaut að vera vodalega kalt. — Nú! — Eins vel gat hann gevnt bað þangað til voráði og að hann er annara þjónin.

hlyna tók hæ, hæ, hæ! Alveg bindvitlaus hafði Pétur Pétursson þó aldrei verið, jafnvel á tjírn' eustu árum æskunnar.... Voríð kom, P. J. Pétursson drekti sér ekki. Hann var í búðinni, ár eftir ár, lagði árlega helminginn af kaupinu sínu — 100 dali — afsíðis, setti það á vöxtu, byrjaði með tilhjálp meðalgöngumanns á gróðafyrirtækjum, svo að hann átti 1500 dali, þegar hann var þritugur. Hann fór í kirkju á hverju sunnudegi, þakkaði guði fyr umliðin höpp og bað hann um heppni í framtíðar gróðafyrirtækjum sínum; hann sannfærðist um nytteini bænarinnar af 150 dala heppadrætti frá Gyðingi í Leður.

stræti og því, að honum lánaðist að fá húsbondann til að hækka árs kaup sitt um 50 dali eftir 15 ára þjónustu. Að eins fékk Pétur sér litinn súkkuladíbolla á sunnulags og helgicaga morgnum í kaffihúsini yfir á andspænis götuhorninu og á vetrum sat hann þar í ofnhitnum til þess tíma, er hann fór til niðdag-verðar til mestu skaparinnar fyrir veitingaþjóninn, sem á sama tíma, og Pétur sat og lífram á lappir sinar án þess að gjöra svo mikil sem að líta í dagblað, hefði getað tekið sér útgöngu leyfi. Enn þá gerði Pétur sér að gamni, að minnast hins fýlda ari tilits á veitingaþjóninum og þeirrar athugasemdar, sem hann þá ávait bar í huga: — Já, slíkur náungi getur líka haft gott af því að vita

Svo dó húsbondinn, bansettur lubbinn! Tengdasonur hans tók búðina og svo mikla sömatilfinningu hafði P. J. Pétursson, að hann vildi ekki viðna ljá húsbóna, sem var yngri en hann sjálfur. —

Lítill loftherbergi á Fornastig, með rúmi, horði og sprungnum hvottailátum, skáhallri þaksúð! Einmannalegir dagar! Að eins veggjalýs til samfélags á nótturni! Aldrei heitur matur! — Helzta kræsingarnar: reykt sild eða grænsaltað svínslflesk! Aldrei eldur á arni! Lambskinnsfeldurinn var ódýrari en eldsneyti vetrarlangt.

Það voru leifarnar af þeim feldi, sem yljuðu nú fótum gamla Péturs. En til kirkju fór hann alli sunnudaga og aðra helgi-laga hæði til hámessu og aftansöngs; en hafði hann tíma til þess. —

Læn guðsóttans brugðust heldur eigi. Pétur Jakob Pétursson var leynifélagi í veðlánastofu og eræddi á því of fjár. Hversu það klátur og hrærður í huga klappans barn þínunum caurunu fimmilahn seðlum, strauk þá gaelulega og vinnilega. Áður en hann fór með þá í sparisjóði eða víxibanka, þar sem þessi "litlu skinn áttu að virna fvrir sér", eins og eigandi þeirra og meistari. Það var þó ef til vill hamingju-amasti tíminn af æfi hans, þessi sjö átta ár í þak-þe-horginu á Fornastíg.

— — —
Þar fyrir handan, gagnvart heimili hans, bjó Madama Pétursson á neðsta gólfí, ekkja eftir matsala nokkurn. Hún var fullþritug, nokkuð þrekin eins og matsala konu sæmir að vera. P. J. Pétursson sá með sínu glöggva aunga að ekkjufrú Pétursson hlaut að hafa góða atvinnu af matsöl umi. Þangað kom fjöldi iðnaðarntinnia — það var nú finasta fólkid — svo komu víkasveinar og ökumenn — heir átu allir heitan mat. — Síðan komu daglaunamenn-götuslæningjar og þeirra jafningjar: heir drukku að eins. En P. J. Pétursson vissi hæði, hvað ein kvarttunna af hvítöli og ein

kvarttunna af kornlænnivín kost-að í stórkauþum, gat reiknað sér til hve miklu Madama Pétursson eyddi, og sem afleidung af því, hve miðkinut afslátt hún fékk hjá seljendum — það hlaut að vera reglulega góð atvinnu í þessu öllu surau, en víneðan til slarkaranna hlaut þó að vera aðal gróðavegurinn.

P. J. Péturssyni fór að lítast við á ekkjufrúnni Pétursson. Af því að honum gáfurst margar frísundir frá atvinnuvegi sínum, slo hann sér oft í nás við Amakurtonuna í Myntarstræti, þar sem hann keypti reyktu síldina.

— Í, Madama Pétursson, hún trú nú reyndar hlut á þurru landi. Síðan hún varð ekkja, því maðurinn kennar, hann Niels Pétursson, var reglulegt svín og lá í drykkjuskap með allara versta slarkaralyðnum; þess vegna sendi drottinni líka yfir hann örkeði í þokkabót, því synðin dregur alt af með sér hegninguna, herra Pétursson. En svo ráði líka madlaman handfesti á veitingasölunní, og hún "lánadí" að eins nettstu sveinunum, alt "draslið" varð að borga áður en veitingarnar voru afhentar, og sjáðu nú til, það fylgdi því sannareleg blessun, því hann stóri frændi hennar, sem hafði verið við fótgönguherinn, var nú búinn að gifta sig og orðinn matjurtasali og var í kjallara yfir á horninu á Grænug-tu, og átti aukheldur þrjá b'eseða stráka, feita og þrek-vaxna, sem gengu í skóla fyrir 3

daði á mánudi hjá kenslukonunni í Gautagötu, og þegar slarkararit hófði óæti og hávaða, þá sendi Madama Pétursson strákinn, sem þvoði illtin, yfir til maturtasalan, og þá kom hann strax og bylti slörkuranum út, og stúkan hjá vínþr eggtrumnum hún stóð fast á því, að hann fengi átta skil-linga fyrir lívern slarkara, sem hann gæti stungið á hausinn út fyrir dyrnar, en það gat vel verið, að það væri bákmægi, því hún, Amakurkonan, var ekki ein af þeirri tegund, sem hún, að að væri satt, sem vinnufolk segði um hetri stéttar fólk, því hún, Amakur-konan, hafði svo sem vinnufolk lika, og það var næmarleig óþjóðalýður. Því það var þó eitt hvíð hálf kvíkindislegt, að maður, sem var "borgari" og grænmetissali skyldi geti niðurlegt sjálfan sig til þess að kasta drykkjurátum á dyr. Það var að setja sjálfan sig á sama mannfélagsstig og slarkarana, sem hann henti út. Þei.... já, eg segi ekki fleira, herra Péturssón, því þarna stendur einn hinna langversti af þeim öllu saman, þessi með illilega augvatillitu, sem stendur þarna og ekur sér upp við hvassasta hornið á Sprengigötu. En guð mátti vita, að það var satt, að Madama Pétursson hafði kevpt staðinn fyrir þrem árum, þegar gamli veitingamaðurinn, hann Vilming litasali vár dauður—hann hafði nú reyndar verið kafteinn í borgaralega stórkotaliðinu, og það hafði hún með sanni eftir

kryðmangardrengnum yfir á horninu á Kóngsdætagötu, að það voru eingöngu gamlar veðskulir, sem lágu í þessu húsi við Forra stíg.

Pétri J. Péturssyni fór með degi hverjum að lítast betur og betur að kiumaddömu Pétursson.

Margssinnis stóð hann tímum saman í dimma stofuganginum í húsinu, sem hann átti heima í, og forði yfir í kjallarann. Þetta var um sumar og dyrnar út að gítum stóðu opnar. Hversu hún gat verið nettleg innan um þessa döulegu gesti, og hve hældin á leinu gat sífellt verið útrétt til þess að taka á móti peningum. Það var kannske lygi, eins og Amakurkonan gat lika til, þessi sagi von frænda hennar, fyrrum fótgöngiliðsmann, grænmetissalann. Því alt fór svo rólega fram í veitingastofu ekkjumíddómum, að P. J. Pétursson — hæ, hæ, hæ, það var annars skritið, að þau voru bæði Pétursson! — gat ekki gjört sér í hugarlund að nokkurn tímá væri þörf á manni til að kasta fólk á dyr á jafn friðsamlegum stað.

Herra trúr! Hún var að nuria saman, eins og hann, hún var að hugsa um "gómlu konuna", eins og hann hafði verið að hugsa um "gamalmennið" alt frá þeim tímum er hann var kryddmangardrengur við Austurbrú. Hem, hem, hem, hem! Nú voru þau bæði komin til ára sinna.

Madama Pétursson var þrifleg og nett kona; hí, hí, hí! Já, hún

var þó sannarlega nógu góð, hún — lí, lí, lí! Já, við erum allir meiri, — æ — já! — Og svo nokkur hamingjusöm ár í sparsömu og óbrotnu en umsvífalausur heimili — og þegar hanu yrði gamlaß og fengi gigt, að þá væri einhver sem greti þjónað henum og hlúð að mun! — Nú, en í stuttu mál sagt: fyrst dálitla gleði og ánaegju á einn og aumtað hátt! Lí, lí, lí!

Kaniske hann gæti fengið heit-
an mat hjá Maðlómu Pétursson
fyrir tíu skildinga máltdina!
Hann hafði þó efni á að borga
það. Það gat hann varð fyrir
guði og samvízkunní. Það gat þo
ekki verið synd.

EKKI var þó vert að hlaupa á
sig. Skjótt er skitið verk. Sofði
með það til morguns, Pétur Jakob
Pétursson! Og svo sem eg
við Maðlómu Pétursson þarna
fyrir hanan um verðið á heitum
mat einu sinni á dag.

Madama Pétursson var glöð í
bragði yfir þessum netta herra-
manni, hví hún var þó hörmang-
aradóttir og ekki borin til þess að

þjónista ökumen og slarkara.
Herra trú — þessi herra atti svo
semi ekkí að borga meira en aðrir
menn — tólf skildinga fyrir hverja
máltd — aðvítad brennivín og ól
aukreitis! — Pétur J. Pétursson
neytti þess aldrei.

— Eg hefi aldrei á æsi minni
bragðad brennivín. Vatn, Madda-
ma Pétursson, vatn! Það er
skapað af guðs góðu hendi.

Framhald í næsta bláði.

..... að trúin á þeinan guð geti
lifað góðu lífi í hjörtum manna;
þótt ekki sé haft hugfast á hverri
stundu, að sundurlíða hana og
aðgreina í sérstök trúaratriði og
trúfræðiskerfi.”

Leikmaður.

Jú, Jú! En það er eins og að
láta rúsínur í blóðmörskapp og
súrsa svo alt saman.

Stephan G. Stephansson.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIÐ ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRESTARI: Gisli Jónsson, 582 Sargent Ave.